

Ár 1991, þriðjudaginn 2. júlí var í málinu nr. 3/1991 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

Þann 18. mars 1991 barst Yfirfasteignamatsnefnd bréf dags. 12. mars 1991. Upphaf bréfsins hljóðar þannig:

"Varnarmálaskrifstofa Utanríkisráðuneytisins óskar eftir að Yfirfasteignamatsnefnd taki til endurskoðunar úrskurð Fasteignamats ríkisins um gjaldskyldu af hlunnindamati Stapafells og Súlna í landi Hafnahrepps og Grindavíkur.

Hér er átt við þann hluta matsins, sem byggir á efnistöku annara aðila en Íslenskra aðalverktaka og áætlað er af Verkfræðistofu Suðurnesja h.f. í samræmi við íbúafjölda á Suðurnesjum."

Í upphafi 24. gr. laga nr. 94/1976 segir m.a. um hlutverk Yfirfasteignamatsnefndar. " Hagsmunaaðilar skv. 21. gr. geta kært niðurstöður endurmats samkvæmt þeirri grein til Yfirfasteignamatsnefndar."


Í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 91/1989 segir, eftir að henni var breytt með 2. gr. laga nr. 124/1989.

" Verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 3. gr. skal vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til Yfirfasteignamats ríkisins."


Hér er um að ræða ágreining um gjaldstofn. Samkvæmt fyrirmælum framangreindra laga ber að leggja ágreiningsefnið fyrir Fasteignamat ríkisins til úrskurðar. Þann úrskurð má síðan kæra til Yfirfasteignamatsnefndar, ef ástæða þykir til.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:


Framangreindum ágreiningi, sem greinir í áðurgreindu bréfi kæranda, vísast til Fasteignamats ríkisins til úrskurðar.



Pétur Stefánsson



Arni Stefánsson



Guðný Björnsdóttir